

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

LÍFEYRISSJÓÐUR RANGÆINGA

1. UM PERSÓNUVERNDARSTEFNUNA:

Starfsemi lífeyrissjóða felst í að veita viðtöku, varðveita og ávaxta iðgjald frá sjóðfélögum, til greiðslu lífeyris. Í þessu felst meðal annars nauðsynleg vinnsla persónuupplýsinga og því á ábyrgð hvers lífeyrissjóðs að vinnslan sé í samræmi við lög og reglur.

Í persónuverndarstefnu þessari er mælt fyrir um þau markmið Lífeyrissjóðs Rangæinga að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Lífeyrissjóður Rangæinga leggur áherslu á að þær séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti.

Persónuverndarstefna Lífeyrissjóðs Rangæinga byggir á ákvæðum laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679, frá 27. apríl 2016, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Til samræmis við þetta eru í persónuverndarstefnunni útskýringar á því hvaða persónuupplýsingum sjóðurinn safnar og ástæðurnar sem búa þar að baki, hve lengi megi ætla að upplýsingarnar verði geymdar, hvert upplýsingunum kunni að verða miðlað og með hvaða hætti sé gætt að öryggi þeirra.

2. UPPLÝSINGAR UM ÁBYRGÐARAÐILA:

Í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga telst sá lögaðili ábyrgðaraðili, sem tekur ákvarðanir um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Í daglegum rekstri lífeyrissjóða koma til margvíslegar ástæður fyrir slíkri vinnslu.

Lífeyrissjóður Rangæinga, Suðurlandsvegi 3, 850 Hellu, kt. 660472-0299, telst ábyrgðaraðili í þessum skilningi fyrir þeirri vinnslu sem fram fer vegna starfsemi hans. Lífeyrissjóður Rangæinga hefur starfsleyfi sem lífeyrissjóður skv. lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfssemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, og sætir m.a. eftirliti Fjármálaeftirlitsins, í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998 (sjá heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is). Lífeyrissjóður Rangæinga er skráður í fyrirtækjaskrá, firmaskrá og skrá Fjármálaeftirlitsins yfir lífeyrissjóði.

Frekari upplýsingar um starfsemi Lífeyrissjóðs Rangæinga má finna á vefsíðu sjóðsins: www.lifrang.is.

3. TEGUNDIR PERSÓNUUPPLÝSINGA:

Þær tegundir persónuupplýsinga sem Lífeyrissjóður Rangæinga vinnur einkum með eru fjármála- og öryggisupplýsingar, almennar lýðupplýsingar og heilsufarsupplýsingar. Vinnsla persónuupplýsinga getur verið nauðsynleg á grundvelli samnings við sjóðfélaga, ákvæði laga, eða vegna lögmætra hagsmuna sjóðsins. Dæmi um vinnslur samkvæmt samningi getur verið vegna skráningar á útgreiðslu inneignar sjóðfélaga. Á sjóðnum hvílir einnig lagaskylda til þess að eiga tilgreind persónugreinanleg gögn, s.s vegna ákvæða laga um aðgerðir gegn

peningapvætti, ákvæða bókhaldslaga og vegna upplýsingagjafar til eftirlitsaðila eða annarra opinberra aðila. Lífeyrissjóður Rangæinga leggur mikla áherslu á að persónuupplýsingar séu fullnægjandi, viðeigandi og takmarkist við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar hverju sinni.

4. TILGANGUR OG HEIMILD FYRIR VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA:

Tilgangur með vinnslu á persónuupplýsingum er að veita viðskiptavinum þá þjónustu sem óskað er eftir eða sjóðurinn býður upp á, til dæmis vegna framkvæmdar samnings eða til þess að uppfylla lagareglur sem gilda um þjónustuna eða vinnsluna.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga getur m.a. verið vegna framkvæmdar samnings, lagaskyldna sem hvíla á sjóðnum, t.d. samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og vegna lögmætra hagsmuna sjóðsins, einkum við að gæta öryggis upplýsingakerfa sinna og þeirra gagna sem þar er unnið með. Ef upplýsingum er aflað frá öðrum en einstaklingnum sjálfum er það gert samkvæmt umboði hans og upplýst hvaðan upplýsingarnar koma.

Það fer eftir tilgangi vinnslu hvaða persónuupplýsinga er aflað í hvert sinn. Dæmi um persónuupplýsingar sem sjóðurinn aflar eru nafn, kennitala, netfang, símanúmer, hjúskaparvottorð, fjárhagsupplýsingar, bankaupplýsingar og upplýsingar frá launagreiðanda. Í sumum tilfellum aflar sjóðurinn viðkvæmra persónuupplýsinga en til þeirra teljast t.d. upplýsingar um heilsufar.

Ef Lífeyrissjóður Rangæinga hyggst vinna persónuupplýsingarnar frekar í öðrum tilgangi en þeim sem lá að baki söfnun þeirra, og þess sem fram kemur hér að ofan, verður viðkomandi aðili upplýstur um þennan nýja tilgang áður en sú vinnsla hefst, eftir því sem við á.

5. HVERSU LENGI GEYMUM VIÐ GÖGNIN?:

Gögn eru geymd eins lengi og nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu og skilmála samninga, nema þegar lög og reglur kveða á um lengri geymslutíma.

6. HVERT ER PERSÓNUUPPLÝSINGUM MIÐLAÐ?:

Lífeyrissjóður Rangæinga mun ekki afhenda persónuupplýsingar nema sjóðnum sé skylt samkvæmt lögum að afhenda persónuupplýsingar t.a.m til eftirlitsstofnana, löggæsluyfirvalda eða annarra aðila sem hafa heimild að lögum til að móttaka umræddar upplýsingar. Þá getur sjóðnum verið skylt að afhenda persónuupplýsingar ef dómari úrskurðar að skylt sé að veita slíkar upplýsingar fyrir dómi eða hjá lögreglu. Sjóðfélagi getur þó heimilað sjóðnum afhendingu persónuupplýsinga um hann. Upplýsingar eru eftir atvikum sendar til vinnsluaðila sem vinnur persónuupplýsingar á vegum Lífeyrissjóðs Rangæinga eða sinnir tengdum verkefnum fyrir hönd Lífeyrissjóðs Rangæinga. Þeir sem veita viðtöku upplýsingum um viðskipta- og/eða einkamálefni sjóðfélaga sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu með sama hætti og gildir um Lífeyrissjóð Rangæinga.

7. HVERNIG TRYGGJUM VIÐ ÖRYGGI PERSÓNUUPPLÝSINGA?:

Rík skylda hvílir á Lífeyrissjóði Rangæinga að gæta að öryggi þeirra persónuupplýsinga sem sjóðurinn vinnur með. Þeirri skyldu gegnir sjóðurinn meðal annars með því að meta áhættu sem steðjar að viðkomandi vinnslu, til dæmis hættu á að óviðkomandi fái aðgang að upplýsingunum eða þær skemmist eða verði eytt og að beita ráðstöfunum til að stemma stigu við slíkri hættu. Þær öryggisráðstafanir lúta einkum að aðgangsstýringu, raunlægu öryggi, mannauðsöryggi, rekstraröryggi og samskiptaöryggi. Þá er viðhaft innra eftirlit með ofangreindu og áhættumat og viðbrögð endurskoðuð reglulega.

8. RÉTTINDI VIÐSKIPTAVINAR:

Einstaklingur á rétt á að fara fram á að fá aðgang að persónuupplýsingum sínum og við ákveðnar aðstæður að láta leiðrétt þær, eyða þeim eða takmarka vinnslu þeirra. Einnig á hann rétt á að andmæla vinnslu og fara fram á að gögn hans séu flutt. Þá hefur einstaklingur rétt á að leggja fram kvörtun til Persónuverndar.

9. HVERNIG ER HÆGT AÐ HAFA SAMBAND VIÐ OKKUR?

Hægt er að hafa samband við Lífeyrissjóð Rangæinga með ýmsum leiðum svo sem á netfanginu: lifeyrsthjonusta@arionbanki.is, með netspjalli á heimasíðu sjóðsins: www.lifrang.is eða í síma 444-7000. Einnig er hægt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Lífeyrissjóðs Rangæinga með því að senda tölvupóst á netfangið personuvernd@arionbanki.is. Hlutverk persónuverndarfulltrúans er að fylgjast með að farið sé eftir ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og ákvæðum almennu persónuverndarreglugerðar ESB nr. 2016/679. Sjá einnig nánar upplýsingar í kafla 2 um ábyrgðaraðila.

10. HVERNIG UPPFÆRUM VIÐ OG BREYTUM PERSÓNUVERNDARSTEFNUNNI?

Sjóðnum er heimilt að breyta þessari persónuverndarstefnu og bæta við hana hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara. Slíkar breytingar kunna t.d að vera gerðar til að samræma persónuverndarstefnuna við gildandi lög og reglur er varða persónuvernd hverju sinni. Allar breytingar á stefnunni verða birtar á vefsíðu sjóðsins: www.lifrang.is.

Hella, 15. september 2020

Undirritunarsíða

Óskar Pálsson

Eydís Þorbjörg Indriðadóttir

Heimir Hafsteinsson

Guðrún Elín Pálsdóttir